

Rangárþing Ytra
Haraldur Birgir Haraldsson,
byggingafulltrúi
Laufskálum 2
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130100008/ksj

Tillaga að deiliskipulagi frístundalóðar. Jónskot í Rangárþingi Ytra.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþings Ytra er barst 2. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu deiliskipulags frístundalóðarinnar Jónskots. Rangárþingi Ytra.

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir 3. ha lóð úr landi Kots á Rangárvöllum og nefnist lóðin Jónskot.


Náttúruminjar


Þar sem eignarlóðin er staðsett í kanti hraunstraums, og lóðin nær inn á hraunið þá bendir Umhverfisstofnun á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldvörp, gervígígar og eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að nútímahrauni innan lóðarinnar verði ekki raskað.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að hraunkanti sem er inni á lóðinni Jónskot verði ekki raskað.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun